

Kópavogsbær
Birgir H. Sigurðsson
skipulagsstjóri
Fannborg 6
200 KÓPAVOGUR

Garðabær, 13. apríl 2011
2011030004/42-0
SE/TB
jgo/tb

**Náttúrufræðilegt gildi Þríhnúkagígs og tengdra minja um eldvirkni - Álit
Náttúrufræðistofnunar Íslands**

Vísað er til bréfs frá Kópavogsbæ, dags. 28. febrúar sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á náttúrufræðilegu gildi Þríhnúkagígs og tengdra minja um eldvirkni. Beðist er velvirðingar á því hvað dregist hefur að svara erindinu.


Í hjálagðri umsögn Náttúrufræðistofnunar um Þríhnúkahelli til Iðnaðarnefndar Alþingis dags. 9. mars 2009 kemur fram að hellirinn er innan Bláfjallafólkvangs en fólkvangur er svæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota. Jafnframt kemur fram að hellirinn er innan svæðis sem lagt var til að friðlýsa í tillögum Umhverfisstofnunar vegna Náttúruverndaráætlunar 2004-2008. Þær tillögur voru unnar í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Friðun Þríhnúka fellur því vel að hugmyndum Náttúrufræðistofnunar Íslands um heildarfriðun eldstöðvakerfis Brennisteinsfjalla sem er hið eina á Reykjanesskaga sem er að mestu ósnortið. Verndargildi Þríhnúkagígs er ótvírætt bæði vegna stærðarinnar en hann er einnig einstakur í hópi íslenskra hraunhella að því leyti að um er að ræða gosrás sem hefur tæmst.

Náttúrufræðistofnun styður hugmyndina um friðun Þríhnúkagígs en bendir á æskilegt væri að friðunin yrði töluvert víðtækari.



Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Bréf til iðnaðarnefndar Alþingis dagsett 9. mars 2009.

